

Íslenskur iðnaður

SI

11. tbl. 14. árg

Samtök iðnaðarins

Nóvember 2008

Tímamótasamningur staðfestir forystu Vaka

Samningur hátæknifyrirtækisins Vaka Supp á 200 milljónir króna við stærsta fiskeldisfyrirtæki heims staðfestir forystu þess á heimsmarkaði. Þetta segir Hermann Kristjánsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins um samninginn við Marine Harvest sem rekur hátt í 200 fiskeldisstöðvar víðs vegar um heiminn. Samningurinn felst í leigu á búnaði sem mællir vöxt fiska í eldiskvíum.

Þróun búnaðarins hefur verið í vinnslu hjá Vaka undanfarin ár og er því um alíslenska vöru að ræða.

Um er að ræða leigusamning á búnaðinum og er hann til fjögurra ára. Hermann segir samninginn skipta fyrirtækið verulegu máli. Í fyrsta lagi bæti hann við ákveðinn grundvöll að tekjuflæði. „Auk þess er Marine Harvest forystufyrirtæki í fiskeldi og samningurinn staðfestir að tæknin okkar sé mótandi fyrir framtíð þessa iðnaðar.“

Samskonar tækni hefur verið notuð í búnaði Peocom, dótturfyrirtækis Vaka, sem telur gesti í Smáralind og fleiri fyrirtækjum hér á landi. Þær upplýsingar eru meðal annars nýttar til að sjá hversu margir gestanna kaupa í verslunum.

Hermann segir að það hafi ekki verið



stefna fyrirtækisins að segja frá samningum af þessu tagi í fjölmiðlum hingað til. Hins vegar sé það trú hans að mörg fyrirtæki á svipuðum slóðum og Vaki geti sameiginlega lagt mikið af mörkum við að koma Íslandi út úr þeim efnahagsþrengingum sem þjóðin standi nú frammi fyrir. Sambærileg fyrirtæki séu sem dæmi Marorka, Hafmynd, Stofnfiskur, Valka, Stjörnu-Oddi, Trackwell og ORF líftækni. Þess má geta að 96% af tekjum Vaka koma frá útflutningi og um það bil 75-80% af útflutningsverðmæti fyrirtækisins verður eftir á Íslandi.

Hermann segir viðbrögðin við fréttum af samningnum hafa verið mikil og jákvæð. Sérstaklega hafi borið á auknum atvinnuumsóknum til fyrirtækisins.



Röng skilaboð að fresta útboðum Vegagerðarinnar

Vegagerðin hefur frestað tímabundið frekari útboðum og afturkallað þegar auglýst útboð vegna fjármálaráðuneytisins. Þau kveða á um að ekki skuli stofnað til nýrra fjárskuldbindinga fyrr en áætlanir um ríkisfjármál liggi fyrir. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri segist vonast til að útboð frestist ekki meira en um nokkrar vikur. Þó svo að um sé að ræða verk sem áætlað er að hefjist ekki fyrr en seint á næsta ári sé nauðsynlegt að halda uppi atvinnustigi. Þess vegna sé brýnt að áætlanir um ríkisfjármál liggi fyrir sem allra fyrst.

„Ákvörðun fjármálaráðuneytisins er afar óheppileg,“ segir Jón Steindór framkvæmdastjóri SI. „Við þurfum síst á þessu að halda núna. Frekari óvissa og frestun framkvæmda mun einungis hraða og magna upp atvinnuleysi. Það verði að ætlast til þess af stjórnvöldum að þau reyni eftir mætti að halda sínu striki varðandi framkvæmdir sem eru í gangi auk fyrirhugaðra framkvæmda. Auðvitað er staðan þröng en ekki má gera illt verra.“ Sjá nánar www.si.is.



Veljum íslenskt
– okkar hagur!

Samtök iðnaðarins - www.si.is



bls. 5

Alcoa
Fjarðaráll
hlýtur
viðurkenningu

bls. 6

Orf
Líftækni

bls. 10

Hamingju-
óskum
rignir yfir
Marorku

bls. 10

Atari dreifir
EVE Online

bls. 12

Veljum íslenskt
ný auglýsinga-
herferð

Traustar stoðir framtíðar



Jón Steindór Valdimarsson

framkvæmdastjóri SI

A fleiðingar þess að íslenska fjármálakerfið hrundi nánast til grunna í einni svipan eru enn að koma í ljós. Við blasir að í hönd fara tímar margvíslegra breytinga og endurmats. Margt af því sem við töldum sýna og sanna að við Íslendingar ættum í fullu tré við hvern sem er á hvaða sviði sem er reyndist þegar á hólminn var komið byggt á ofdirfsku og á köflum hreinni fífldirfsku. Á undraskömmum tíma tókst að reisa stórar spila- og skýjaborgir sem ekki stóðust þá skjálfta sem skóku og skekja enn hagkerfi heimsins. Undirstöður þeirra reyndust feysknar. Gildir þá einu hvort þær voru of háreistar fyrir þann jarðveg sem þær hvíldu á eða að burðarvirkið þoldi ekki það sem á því hvíldi.

Verkefni sem þarf að leysa

Til þess að hjól atvinnulífsins taki að snúast af krafti verður að leysa brýn verkefni:

- Flutningsleiðir gjaldeyris til og frá landinu verður að opna
- Tryggja verður nægan gjaldeyri í landinu og skapa skilyrði fyrir eðlileg viðskipti með krónuna. Hún verður að styrkjast hratt og örugglega
- Samhliða verða vextir að lækka og verðbólga að hjaðna
- Gera verður þá kröfu til lífeyrissjóða og allra annarra sem eiga fjármuni í útlöndum að þeir flytji þá heim. Þannig stuðla þeir að styrkingu krónunnar og fjármunirnir nýtast til fjárfestinga í íslensku atvinnulífi
- Viðskiptabankarnir verða að standa þétt við bakið á atvinnulífinu og halda því gangandi
- Ríki og sveitarfélög verða að halda uppi framkvæmdum
- Koma verður í veg fyrir óþarfa keðjuverkun uppsagna, samdráttar og gjaldþrota með öllum ráðum

Aldrei hefur verið mikilvægara að tryggja nýsköpun, rannsókn- og þróunarstarf í atvinnulífinu. Þar þarf að huga að mörgum þáttum ekki síst fjármögnun og öflugu stoðkerfi. Hér má ekki einblína á að skapa ný fyrirtæki heldur verður að leggja kapp á að styrkja og efla þau fyrirtæki sem fyrir eru og nýta krafta þeirra til nýrra verka.

Orkulindir landsins ber okkur að nýta af skynsemi

Reynslan kennir okkur að fyrirtæki sem geta keypt orku í stórum stíl vilja fjárfesta í orkufrekum iðnaði hér á landi þegar það er skynsamlegt frá þeirra eigin forsendum en ekki eingöngu þegar við sjálf viljum. Við eigum ekki að líta á nýtingu orkuauðlindanna í samhengi við skammtíma efna-hagsveiflur heldur sem grundvöll tekjustreymis til landsins og þar með sveiflujafnara til langs tíma.

Stöðugleiki enn og aftur

Samtök iðnaðarins hafa ítrekað bent á þau grundvallar-sannindi að til þess að byggja upp farsælt og arðsamt atvinnulíf þurfi fyrst og fremst stöðugleika og aftur stöðugleika. Það þarf ekki frekari vitnanna við að þau stjórnþæki sem við höfum búið við duga okkur ekki lengur. Hér verður að söðla um og skipa málum þannig að dugi til langframa. Samtök iðnaðarins hafa fyrir löngu markað sér stefnu og barist fyrir henni, lengst af fyrir daufum eyrum ráðandi stjórn málaafla. Sem betur fer virðist sterkur samhljómur vera að myndast í þjóðfélaginu öllu fyrir því að sækja um aðild að Evrópusambandinu og taka upp evru. Vissulega stöndum við mun verr að vígi í þeim efnunum en fyrir fáeinum misserum síðan en nú verður ekki lengur slegið á frest að taka af skarið á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Sókn er besta vörnin

Ekki má gleyma að þrátt fyrir allt eigum við þróttmikið atvinnulíf og fjöldann allan af góðum og vel reknum fyrirtækjum sem standa sig feikna vel á sínu sviði, bæði á heimamarkaði og á erlendum mörkuðum. Það er því fjarri lagi að við eigum að ákveða að nú eigi íslenskt atvinnulíf að draga sig inn í skel og réttast sé að hverfa frá því að íslensk fyrirtæki hasli sér völl utan landsteina. Þvert á móti eigum við að byggja á þeim grunni sem við eigum en einnig að sækja fram á nýjum sviðum. Það á að vera keppikefli okkar að selja vörur okkar og þjónustu um víða veröld og afla þannig þjóðarbúinu nauðsynlegra tekna. Það er grundvöllur þess að við náum að endurreisa og viðhalda líf skjörum sem skipa okkur að nýju í fremstu röð vestrænna þjóða.

Gömul sannindi og ný

Á sama hátt eigum við að leggja metnað okkar í að fullnægja eins og við getum þörfum á heimamarkaði fyrir vörur og þjónustu. Það eigum við að gera á grundvelli verðs, gæða og lögmála samkeppninnar. Ekki kemur til greina að hverfa að neinu leyti aftur til neins konar hafta, boða eða banna í þessu samhengi. Af því hefur engin atvinnugrein gott. Gildi samkeppni og alþjóðlegra viðskipta standa óhögguð. Það breytir ekki því að Samtök iðnaðarins munu ótrauð minna landsmenn og eigin félagsmenn á að það er sameiginlegur hagur okkar allra að kaupa sem mest af innlendri framleiðslu og þjónustu í stað innfluttrar. Þau sannindi eiga alltaf erindi og ætti ekki að þurfa að brýna fyrir nokkrum manni um þessar mundir.

Samtök iðnaðarins minna á sérstakt svæði á heimasíðu SI sem tileinkað er efnahagsástandinu. Þar birtast reglulega fréttir og greinar um framvindu mála á íslensku og ensku. Auk þess má finna þar ýmsar upplýsingar, til dæmis um fundi í flestum starfsgreina- og málefnaþópum. Félagsmenn geta einnig leitað til forsvarsmanna hvers sviðs fyrir sig og sent inn ábendingar um efni sem ætti heima á síðunni. Samtökin hafa verið í sambandi við stjórnvöld um einstaka þætti er snúa að ástandinu og haldið á lofti hagsmunum iðnaðarins. Þá taka SI fullan þátt í aðgerðarnefnd undir forystu Samtaka atvinnulífsins þar sem saman koma fulltrúar allra aðildarsamtaka SA, verkálýðshreyfinga, stjórnvalda og stjórnarflokkanna.

Skorað á yfirvöld að nýta auðlindir

Bæjar- og sveitarstjórar ásamt fulltrúum ýmissa félaga á Norð-austurlandi hafa sent opinbera áskorun til ríkisstjórnarinnar þar sem hún er hvött til að taka ákvörðun um byggingu álvers á Bakka. Í henni segir að nú sé enn brýnna en áður að nýta auðlindir landsins og þau tækifæri sem bjóðist til að skjóta sterkum stöðum undir íslenskt atvinnu- og efnahagslíf.

Bent er á að bygging álvers á Bakka við Húsavík myndi skapa þjóðarþúinu mikilvægar gjaldeyrstekjur úr endurnýjanlegum orkuauðlindum landsins og tryggja atvinnu og búsetu á Norðausturlandi til framtíðar. Þannig yrði stuðlað að framförum íslensku þjóðinni til heilla.

Undir áskorunina rita sveitarstjórar Akureyrar, Norðurþings, Skútustaðahrepps, Þingeyjarsveitar og Langanesbyggðar auk fulltrúa Framsóknar, Samfylkingar og Sjálfstæðismanna á svæðinu. Þá skrifa einnig undir fulltrúar atvinnuþróunarfélaga Þingeyinga og Eyjafjarðar, Einingar-Iðju, Framsýnar og Orku-Þings.



Horfa til tækifæra í útflutningi

Samdráttur í byggingariðnaði kemur illa við röraverksmiðjuna Set eins og flest önnur fyrirtæki sem tengjast byggingariðnaði. Átta starfsmönnum fyrirtækisins var sagt upp störfum um mánaðarmótin, en fyrirtækið horfir nú til tækifæra sem skapast við breyttar efnahagsaðstæður. „Við ætlum að snúa okkur í auknum mæli að útflutningi, en hann hefur verið illframkvæmanlegur á tímabili hás gengis krónunnar,” segir Bergsteinn Einarsson framkvæmdastjóri fyrirtækisins sem vinnur nú að endurskipulagningu rekstursins.

Reiknað er með að fjöldi um fjórtíu starfsmanna verði óbreyttur á næstu mánuðum og frekari uppsagnir eru ekki fyrirhugaðar. „Við viljum eyða þeirri óvissu sem ríkt hefur og taka til við að byggja upp ný tækifæri,” segir Bergsteinn.

Þegar mest lét á háannatíma á miðju ári 2007 störfuðu 74 hjá fyrirtækinu. Margir hættu af sjálfsdáðun í haust, aðallega skólafólk og útflendingar sem fluttu af landi brott. Það hafi dregið úr þörf á uppsögnum.

Um 75% framleiðslu Sets fer til veitufyrirtækja og sveitarfélaga auk fjar-



Stjórn SI sótti SET heim í haust

skiptafyrirtækja. Önnur framleiðsla er tengd byggingargeiranum eins og vatnsrör, rör til frárennslis, raflagna og snjóbræðslu. Sá markaður hefur farið verulega niður á síðustu 3-4 vikum. „Það má eiginlega segja að það hafi nánast slökknáð á honum,” segir Bergsteinn og bætir við að samdrátturinn komi síðar fram hjá veitufyrirtækjum.

Vonast er til að hægt verði að auka útflutning til Evrópu en unnið hefur verið að markaðssetningu nýrrar gerðar forinangraðra hitaveituröra úr plasti frá því í vor.

„Öll viðskipti fyrirtækisins með aðföng og tækni eru við Evrópu, enda erum við Evrópuþjóð og ættum að vera í Evrópusambandinu með evru að gjaldmiðli,” segir Bergsteinn. „Ef við hefðum gert það værum við ekki í sambærilegum vanda og við erum í núna.”



Mannauður í húfi

Starfsmannastjórar hjá um tugum innan fyrirtækja Samtaka iðnaðarins í ólíkum atvinnugreinum hittust um miðjan október til að ræða hræringar í starfsmannamálum. Ástandið slær fyrirtæki í öllum greinum, en mishart.

Á fundinum kom fram að mörg fyrirtæki halda enn að sér höndum. Þó er fyrirséð að sum þurfi að grípa til uppsagna. Skyndilegt og mikið framboð er á öflugum starfsmönnum, en sum fyrirtæki bíði þess að vinna góð verkefni sem legið hafi í láginni. Lagt var til að bjóða atvinnulausum hlutastarf með aðkomu stjórnvalda, til dæmis í gegnum atvinnuleysistryggingasjóð. Slíkt myndi auðvelda bæði einstaklingum og fyrirtækjum að komast í gegnum erfiða tíma.

Áhersla var lögð á að fyrirtæki reyndu að segja eins fáum upp og kostur væri. Lausn á atvinnuleysinu felist í nýsköpun. Meiri eftirspurn en framboð sé eftir hlutastörfum, þannig gætu fyrirtæki reynt að bjóða frekar fleiri hlutastörf en færri fullstörf.

Hlutfjárútboð Marels skilaði 1,4 milljarði

Rúmlega 20 milljón hlutir að nafnvirði seldust í hlutfjárútboði Marel Food Systems. Selt var á genginu 70 og fengust rúmlega 1,4 milljarðar fyrir. Það jafngildir 3,58% af heildarhlutafé félagsins. Stjórn Marel tók öllum tilboðunum sem voru flest frá lífeyrissjóðum.

Tilgangur útboðsins var að styrkja fjárhag félagsins og auka viðskipti með hlutabréf þess.

Í tilkynningu frá Marel er haft eftir Herði Arnarsyni forstjóra fyrirtækisins að hann sé ánægður með góðar undirtektir fjárfesta í útboðinu. Vart þurfi að taka fram að skilyrði á fjármálamarkaði séu afar óvenjuleg.





Mörg orkuverkefni falla í skugga álumræðu

Fjölmörg orkuverkefni sem Íslendingar koma að eru í gangi erlendis og munu skila miklum gjaldeyristekjum í þjóðarbúið. Þá er verið að kanna fjölda verkefna á sviðum orkufreks iðnaðar hér á landi. Guðni Jóhannesson orkumálastjóri segir í Viðskiptablaðinu að þau hafi fallið í skuggann af umræðum um ný álver.

Hann segir að Íslendingar verði að nýta orkuauðlindir. Fjármögnun raforkuveranna sé þó erfiðari nú. Hér á landi sé alþjóðlegt regluverk en auka meg skilvirkni og bæta vinnulag til að flýta ferlum.

Guðni segir mikinn áhuga hjá erlendum stórfyrirtækjum að kaupa græna orku hér á landi þar sem umhverfisbókhald sé farið að skipta miklu máli í heiminum. Hluti útrásarinnar hafi skilað góðum árangri sem hafi fallið í skuggann af mistökum í útrás bankanna.

Efnahagsþrengingarnar sem nú gangi yfir hafi ekki áhrif á þau fjölmörgu tækifæri sem blasi við á sviði orkuvinnslu- og sölu, eða jarðhitaverkefna sem Íslendingar vinna erlendis.

Rannsóknarborunum á Bakka frestað

Vegna óvissuástands á fjármálamörkuðum auk annarra þátta hafa fyrirtækin Alcoa, Landsvirkjun og Þeistareykir ákveðið að fresta rannsóknarborunum vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka við Húsavík. Í fréttatilkynningu frá Þeistareykjum segir að ákvörðun um framhald borana muni bíða til haustsins 2009.

Landsvirkjun og Alcoa munu hafa hug á að framlengja viljayfirlýsinguna sem runnin er út þegar aðstæður leyfa.

Áfram verður unnið að mati á umhverfisáhrifum verkefnanna. Þannig munu orkufyrirtækin vinna að mati á umhverfisáhrifum borana og virkjana á Kröflu- og Þeistareykjasvæðinu. Alcoa mun vinna við sambærilegt mat á umhverfisáhrifum álvers á Bakka og Landsnet að mati vegna flutningslína.



Efla fjölskylduna með matreiðslunámskeiðum

„Okkur finnst sérstök ástæða núna til að hvetja fjölskylduna til að elda oftar saman góðan og hollan mat,“ segir Guðrún Adolfsdóttir matvælafræðingur hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni. Fyrirtækið býður nú upp á nýtt námskeið sem miðar að því að fjölskyldan eldi oftar saman hollan, ódýran og spennandi mat þar sem íslensk hráefni eru í hávegum höfð.

Guðrún segir að ýmis konar námskeið hafi verið þróuð hjá Sýni þar sem áhersla sé lögð á hollustu samkvæmt ráðleggingum Lýðheilsustöðvar. Námskeiðin hafi gjarnan verið sniðin að óskum fyrirtækja eða hópa og meðal annars verið notuð í hópefli ýmissa fyrirtækja.

Hægt er að sýna fram á að hráefni á borð við linsur og baunir lækki matarkostnaðinn heilmikið. Baunirnar innihaldi

prótein og trefjar en trefjar eru meðal annars af skornum skammti í fæðu Íslendinga. „Ég hef til dæmis áhyggjur af eldra fólki á elliheimilum sem fær of litlar trefjar og líður oft illa vegna afleiðinga þess,“ segir Guðrún og bendir á að bygg sé einnig lítið notað fyrir þennan markhóp. Maturinn sé oft mikið unninn og grænmeti sé oft seigt og hart undir tönn.

Meira af kolvetni, trefjum, ávöxtum og grænmeti geri matinn ódýrari auk þess sem spennandi krydd og góðar olíur geri matargerðina fjölbreyttari og gírnilegri.

Sýni býður upp á um 30 mismunandi námskeið. Þau spanna allt frá því að kenna meðhöndlun matvæla í hvernig á að elda í hægum takti. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Sýnis www.syni.is.

Uppsagnir yfirvofandi

Fyrirtæki hvött til að bjóða hlutastörf

Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI segir að allar líkur séu á að uppsögnum fjölgi á næstunni. Samtökin hvetji til að fyrirtæki bjóði frekar hlutastörf; „Allt er betra en að senda fólk heim.“ Þegar mánaðarmót nálgist geri fyrirtæki hins vegar allt til að láta enda ná saman.

Jón Steindór segir að uppsagnir hafi byrjað í byggingar- og mannvirkjageiranum. Seinni vikurnar tvær í október hafi menn haldið að sér höndum til að sjá hvað gerist í framhaldinu og hversu

slæm staðan verði; „En því lengur sem menn bíða, því erfiðara verður þetta.“

Einhver fyrirtæki munu minnka yfirvinnu og stytta vinnutíma. Sum hyggja á launalækkunar en almennt segir Jón Steindór að meðvitund sé um þverrandi kaupmátt. Hann býst við að sum fyrirtæki muni endursefja við starfsfólk sitt, sérstaklega stjórnendur sem hafi haft laun í takt við þróun í fjármála-fyrirtækjum. Almennt starfsfólk standi ekki frammi fyrir launalækkunum.



Fjarðarál hlýtur jafnréttisviðurkenningu


Jafnréttisráð veitti á dögunum Alcoa Fjarðaráli viðurkenningu á sviði jafnréttismála. Vinna fyrirtækisins gegn kynbundnu starfsvali og kynjaskiptingu vinnumarkaðar þykir til fyrirmyndar. Nú eru 28% allra starfsmanna konur. Þar af eru 34% í framleiðslustörfum og 27% í framkvæmdastjórn. Á heimasíðu Alcoa segir að um sé að ræða besta árangur innan Alcoa samsteypunnar og líklega heimsmet í áliðnaði.

Starfsmenn Alcoa Fjarðaráls eru 450 talsins. Janne Sigurðsson er ein þeirra. Hún er fædd og uppalin í Danmörku og gegnir stöðu framkvæmdastjóra í ker-skála. Hún sagði Fréttablaðinu að mikill

munur væri á löndunum tveimur þegar kæmi að jafnrétti. Það væri einfaldara að vera kona á Íslandi því fólk horfði almennt jákvætt á frumkvæði kvenna.

Gripið hefur verið til sérstakra aðgerða til að laða konur að fyrirtækinu. Haustið 2006 var efnt til sérstaks kvennadags. Hann skilaði fjölmörgum umsóknum úr hópi þeirra 300 kvenna sem heimsóttu álverið þann dag.

Við afhendingu jafnréttisviðurkenningarinnar flutti Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra ávarp og afhenti verðlaunagripinn, postulínsstyttuna *Snúum böfum saman* eftir Guðrúnu Indriðadóttur.



Búist við útboði Dýrafjarðarganga á næsta ári

Raskist opinberar framkvæmdir ekki um of vegna endurskipulagningar íslensks efnahagslífs gætu svokölluð Dýrafjarðargöng orðið að veruleika á næstu þremur árum. Núverandi vegur milli norður- og suðursvæðis Vestfjarða þykir óviðunandi. Búist er við að jarðgöngin á milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar verði boðin út árið 2009.

Framkvæmdatími er áformaður um þrjú ár og verða göngin því tilbúin árið 2012 gangi áætlanir eftir. Svæðisútvarg Vestfjarða greindi frá því að einungis ein leið væri fær fyrir jarðgöngin, við hálsinn hjá eyðibýlinu Rauðsstaði í Borgarfirði sem er Arnarfjarðarmegin.

Verkið þarf að fara í umhverfismat vegna þess að lengd nýs vegar ásamt lengd ganganna er meiri en tíu kílómetrar.

Erfiðar samgöngur hafa valdið vandræðum fyrir samskipti íbúanna á svæðinu. Heiðar lokast gjarnan í fyrsta snjó á haustin og vegir eru erfiðir yfirferðar. Sveitarstjórnarmenn hafa þess vegna viðrað hugmyndir um önnur göng undir Dynjandisheiði. Þau yrðu hugsanlega 20-40 kílómetra löng. Ólíklegt verður að teljast að slík göng verði sett á dagskrá á næstu misserum miðað við efnahagsástandið nú.

Ársfundur bakarásamtaka á Norðurlöndum

Formenn og framkvæmdastjórar bakarásambanda á Norðurlöndum komu saman til fundar á Akureyri í september síðastliðnum. Á fundinum voru rædd helstu viðfangsefni sem félögin eru að fást við um þessar mundir. Hækkandi verð á aðföngum til bakaría hefur verið mjög ofarlega á baugi og því var Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur SI fenginn til að flytja erindi um þróun efnahagsmála í heiminum út frá sjónarhorni bökunariðnaðarins. Þar lýsti hann ýmsum hættum sem steðja að efnahag heimsins og efnahag Íslands alveg sérstaklega sem hafa á síðustu vikum reynst sorglega sannar.



Viðfangsefni bakarásambandanna eru í grófum dráttum keimlík. Allir þurfa að takast á við hækkandi hráefnisverð og of lítið framboð fagfólks. Og allir vilja leggja sitt lóð á vogarskálur hollustunnar með því að auka neyslu trefja og draga úr saltnotkun svo nokkuð sé

nefnt. Svíum hefur gengið vel að vekja athygli almennings á bakaraiðninni með því að efna til fagkeppna og vinna með konungsfjölskyldunni að líknarmálum. Þetta hefur skilað sér í aukinni aðsókn að bakaránami.

SI



Fréttablað Samtaka iðnaðarins
11. tbl. 14. árg. Nóvember 2008
ISSN 1022-7741

För í prentsmiðju: 11.11.2008
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán,
Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Jón Steindór Valdimarsson
Ritstjóri/efnisöflun: Sigríður Guðlaugsdóttir
Prófkalestur: Rakel Pálsdóttir og Sigríður Guðlaugsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilvikum.

Stærstu snyrtivörufyrirtæki heims vilja samstarf við ORF

ORF Líftækni á nú í samningaviðræðum við nokkur stærstu og virtustu snyrtivörufyrirtæki heims sem hafa hug á að nota vaxtaþætti fyrirtækisins til framleiðslu svokallaðra hrukkukrema. Björn Lárus Örvar framkvæmdastjóri ORF Líftækni segir að snyrtivörufyrirtækin sækist fyrst og fremst eftir ímynd græna umhverfisins sem ORF starfi í. Það sé eina fyrirtækið í heiminum sem noti plöntur en ekki bakteríur eða spendýrafrumur til framleiðslu vaxtaþáttanna. Þar að auki byggji framleiðsla ORF á grænni og endurnýjanlegri orku

Í byrjun maí á þessu ári tók fyrirtækið nýtt hátæknigróðurhús í notkun í Grindavík. Þar fer fram að mestu sjálfvirk framleiðsla erfðabreytts byggs. Úr því eru unnin sérvirk prótein, eða vaxtaþættir, sem meðal annars eru notuð við lyfjaþróun, rannsóknir og lyfjaframleiðslu. Mikið öryggi felst í því að framleiða próteinið í plöntum, en ekki bakteríum eða dýrafrumum sem geta borið sýkingar í menn.

Björn Lárus segir að fyrirtækið hafi í framleiðslu yfir eitt hundrað mismunandi vaxtaþætti sem upprunalega finnast í mannum. Þegar listi vaxtaþátta í læknisrannsóknum hafi verið skoðaður betur hafi menn séð þætti sem voru tengdir ört vaxandi markaði nýrra tegunda snyrtivara. Um sé að ræða vaxtaþætti sem ætlaðir eru fyrir krem eins og hrukkukrem eða sarakrem, sem kallast á ensku anti-wrinkling, wound-healing og anti-aging krem.

„Vaxtaþættir koma mikið við sögu í húðinni,” útskýrir Björn Lárus. Gallarnir við þessar snyrtivörur sé að þær eru mjög dýrar vegna hás framleiðslukostnaðar auk þess sem snyrtivörufyrirtækjunum hafi hvorki þótt sterkt ímyndarlega né öryggislega að nota vaxtaþætti framleidda úr bakteríum eða mannafrumum.

ORF Líftækni tók því þátt í tveimur stórum sýningum í Amsterdam og New

York snemma í vor og viðbrögðin létu ekki á sér standa. „Það var mikill áhugi hjá fjölda fyrirtækja vegna þess græna umhverfis sem við störfum í. Flest fyrirtækin myndu ekki nota vaxtaþættina að öðrum kosti,” segir Björn Lárus. Í framhaldinu hafi fjöldi fyrirtækja sett sig í samband við ORF. „Við höfum gert samninga við suma, en erum enn í viðræðum við aðra og samningarnir eru komnir mislangt,” segir hann en vill þó ekki gefa upp á þessu stigi hvaða fyrirtæki um ræðir.

Fyrirtækið framleiðir nú tvær vörulínur af vaxtaþáttum. ISOkine fyrir læknisfræði og lyfjaþróun og BIOeffect fyrir snyrtivöruðnaðinn. Einingarverð á vaxtaþætti sem vegur einungis tíu milljónustu úr grammi er að meðaltali 30 þúsund krónur í ISOkine línunni. Magnið er meira fyrir snyrtivöruðnaðinn en einingarverðið eitthvað lægra. Ætla má að gjaldeyrstekjur geti orðið verulegar vegna þessa.

En stendur nýja hátæknigróðurhúsið þá undir framleiðslu nýrrar vörulínu?

„Við þurfum að stækka við okkur og stefnum að því að byggja úrvinnslustöð í Grindavík snemma á næsta vori,” segir Björn. Verið sé að vinna að fjármögnun innanlands, en þrátt fyrir efnahagsástandið segist hann alls ekki vera svart-sýnn á að það takist. Fyrirtækið stefnir að því að fjölga vaxtaþáttum og horfir þá

til framleiðslu á próteinlyfjum og verið er að kanna möguleika á samstarfi við lyfjafyrirtæki. Markmiðið sé hins vegar að fara inn á þann markað eftir 2-3 ár með lyfjaþróun að sögn Björns Lárusar. „Ef við næðum slíkum samningum, þá erum við að tala um risasamninga.”

Annað slagið hafa gagnrýnisraddir skotið upp kollinum vegna áforma ORF Líftækni um að hefja ræktun á erfðabreyttu byggi utanhúss eftir nokkur ár. Ímynd Íslands var nefnd í því samhengi og óttaðist verkefnisstjóri Bændasamtakanna að hún hlyti skaða af. Forsvarsmenn fyrirtækisins fögnuðu faglegri umræðu um málið og sögðu engar rannsóknir benda til að hætta væri á víxlverkun plöntunnar hérlendis, en Land-



Björn Lárus framkvæmdastjóri og iðnaðarráðgjafi hjóla á hjóla með grænu plöntum við opnun hátæknigróðurhússins í Grindavík



Suðurverk verðlaunað fyrir flýtimeðferð

Hringtorg yfir Reykjanesbraut í Kópavogi sem er hið fyrsta sinnar tegundar á Íslandi verður opnað í lok nóvember. Það er hálfu ári áður en verklok voru upphaflega fyrirhuguð. Vegagerðin hefur ákveðið að verðlauna verktakana Suðurverk og Skrautu vegna þessa með 35 milljóna króna flýtifé. Um er að ræða mislæg gatnamót, á mótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegar, með hringtorgi á efri hæð, en brautin liggur undir torgið.

Jónas Snæbjörnsson svæðisstjóri Vegagerðarinnar segir í Morgunblaðinu að vegna þess hve mikill akkur það sé

að fá mannvirkið í gagnið fyrr en áætlað var sé greitt flýtifé. Ekki sé algengt að verkum sé skilað fyrir áætluð verklok. Suðurverk og Skrauta hafi hins vegar miðað verkáætlanir sínar við að skila verkinu fyrir veturinn. Þó þurfi nokkur smáverk að bíða næsta sumars eins og sáning og ýmis frágangur.

Skammt frá, eða við gatnamót Reykjanesbrautar og Vífilstaðavegar, er unnið að smíði nýrra en einfaldari gatnamóta. Verkinu átti að ljúka 1. nóvember, en tafir hafa orðið á því. Vonir eru til að framkvæmdum verði lokið fyrir árslok. Við þau verklok næst mikilvægur áfangi, því þá verður vestari Reykjanesbrautin án umferðarljósa.

búnaðarháskólinn, í samstarfi við ORF, hefur staðið fyrir umfangsmiklum rannsóknnum þar að lútandi. Þær leiddu m.a. í ljós að byggjið frá ORF er mjög afmarkað í ræktun og afar ólíklegt að það geti dreift sér í náttúrunni eða blandast við villtar plöntutegundir. Undir þetta tók einnig Náttúrufræðistofnun Íslands.

ORF Líftækni var stofnað fyrir sjö árum. Starfsmenn þess eru nú á þriðja tug. Fyrirtækið hlaut Nýsköpunarverðlaunin 2008 sem Rannís og Útflutningsráð standa að.

Efnahagsástandið hefur óhjákvæmilega áhrif á fyrirtækið, en starfsfólk reynir að láta það ekki trufla sig. „Í ljósi aðstæðna erum við þó að reyna að skipta eins mikla við innlenda aðila og hægt er,” segir Björn. Þannig sé verið að semja við innlenda aðila um að taka að sér mjög flóknar og kostnaðarsamar greiningar sem áður hafi verið unnar í útlöndum.

Forsvarsmenn fyrirtækisins vonast til að yfirvöld nýti aðstæður nú og atvinnuleysistryggingasjóður styðji við fyrirtæki eins og ORF Líftækni, sem gæti auðveldlega bætt við sig fjórum starfsmönnum með aðstoð sjóðsins. „Mér finnst Samtök iðnaðarins hafa staðið sig mjög vel varðandi aðgerðarvinnu fyrir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki við þessar aðstæður. Ég vona að stjórnvöld hugsi á sömu nótum. Því í kreppu felast líka tækifæri til framtíðar,” segir Björn Lárus að lokum.



Framkvæmdir HR í Vatnsmýri á áætlun

Stefnt er að því að fyrri áfanga Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýri verði lokið á áætlun næsta haust. Um er að ræða 23 þúsund fermetra byggingu en framkvæmdir eru í fullum gangi.

Þorkell Sigurlaugsson framkvæmdastjóri þróunarsviðs HR segir verkið komið talsvert vel á veg og standist áætlun. „Fjármögnun var tryggð fyrir byggingunni allri.” Þorkell bendir á að þrátt fyrir efnahagsástandið hafi verktakar staðið við sitt og ekkert bendi til annars en að svo verði áfram. Næsta haust munu

tækni-, verkfræði-, tölvunar- og viðskiptadeildir sem nú eru í húsnæði við Höfðabakka og í gamla Morgunblaðshúsinu í Kringlunni flytja í nýja húsnæðið. Bygging skólans við Ofanleiti 2 verður áfram í notkun þar til seinni áfanga er lokið. Í lokaáfanganum verður 12 þúsund fermetra bygging sem áætlað er að verði tilbúin haustið 2010.

Það er eignarhaldsfélagið Fasteign sem byggir húsnæðið, en Ístak sér um verklegar framkvæmdir.

Aðgerðir Breta harðlega gagnrýndar

Harkaleg viðbrögð breskra stjórnvalda gegn Íslandi voru harðlega gagnrýnd á fundi framkvæmdastjóra Buisness Europe í Brussel 23.



október síðastliðinn. Jón Steindór framkvæmdastjóri SI útskýrði fyrir fundarmönnum hvernig yfirlýsingar Gordon Brown forsætisráðherra og Alistair Darling fjármálaráðherra hefðu gert slæma stöðu enn verri.

Notkun hryðjuverkalaga gegn Íslandi, staðhæfingar um að landið væri gjaldþrota ásamt yfirlýsingum um að Ísland myndi ekki standa við skuldbindingar sínar erlendis, hefðu haft alvarlegar af-

leiðingar fyrir íslensk fyrirtæki og efnahag landsins í heild. Í stað þess að beina spjótum sínum gegn Icesave og Landsbankanum hefðu ráðherrarnir beint aðgerðum sínum gegn heilli þjóð og efnahag hennar.

Jón Steindór segir að fundarmenn hafi verið sammála um að vara við því að ríkisstjórnir einstakra ríkja gangi of langt í viðbrögðum hver gegn annarri til þess að verja eigin hag. Það leiddi einungis til frekari vandræða.

Buisness Europe eru heildarsamtök 40 samtaka iðn- og atvinnurekenda í Evrópu. Frá stofnun þeirra í kjölfar Rómarsáttmálans árið 1958 hafa þau eftt samstöðu og talað máli iðn- og atvinnurekenda fyrir stofnunum Evrópusambandsins. SI og SA eru félagar í samtökunum.



Forsætisráðherra spyr 450 stærstu fyrirtækin ráða

Geir Haarde, forsætisráðherra, hefur sent 450 stærstu fyrirtækjunum hér á landi spurningalista þar sem óskað var svara og innleggs í vinnu ríkisstjórnarinnar vegna efnahagsástandsins. Fyrirtækin voru meðal annars spurð um úrræði sem þau vilja að gripið verði til í efnahagsmálum. Eins eru þau spurð um hvort þau hyggist grípa til uppsagna og þá í hvaða mæli. Capacent Gallup sá um gerð og framkvæmd könnunarinnar. Í bréfi sem forsætisráðherra undirritaði er ítrekað mikilvægi þess að allir svari til að niðurstöður verði sem nákvæmastar.

Tækniskólinn útskrifar fyrstu diplómanemana



Efri röð frá vinstri: Þröstur, Hafþór, Ingvar, Vilhjálmur Karl, neðri röð: Valdimar, Ægir, Hinrik. Á myndina vantar Ottó en hann var á sjónum þennan dag

Fyrsta útskrift úr Tækniskólanum skóla atvinnulífsins fór fram 31. október síðastliðinn. Þá voru átta fag- og iðnnemar útskrifaðir úr diplómanámi í rekstri og stjórnun. Af því tilefni sagði Jón Steindór Valdimarsson, formaður stjórnar skólans og framkvæmdastjóri SI, að þess væri vænst að þeir yrðu í hópi brautryðjenda við uppbyggingu íslensks atvinnulífs.

Tvenn verðlaun voru veitt við útskriftina. Ottó Freyr Ottósson var verðlaunaður fyrir frábæran árangur í útvegsrekstrarfræði og Þröstur Þorvaldsson fyrir framúrskarandi árangur í rekstrarfræði.

Hinrik Árni Bóasson, sem útskrifaðist með diplóma úr rekstrarfræði, hélt ræðu

fyrir hönd útskriftarnema. Hann sagði meðal annars frá fyrsta tímanum þar sem fjallað var um mismunandi tegundir verðbréfa. Þar hefði verið farið yfir mismunandi staðalfrávik frá væntri ávöxtun og raunávöxtun við lítinn skilning nemenda. Þegar litið væri til baka í ljósi þeirrar stöðu sem nú væri uppi í íslensku efnahagslífi, væri það líklega ekki skrítið að nemendurnir hefðu hvorki skilið upp né niður í þessum efnunum.

Aðrir nemendur sem útskrifuðust með diplóma voru Hafþór Vilbergsson, Ingvar Jósef Sigurðsson, Valdimar Steinþórsson, Vilhjálmur Karl Karlsson og Ægir Kristmann Franzson.

Stjórnvöld styðji sprotafyrirtæki



Hætta er á að sprotafyrirtæki sem gætu skilað töluverðum tekjum í þjóðarþúið lífi ekki efnahagsþrengingarnar af án stuðnings stjórnvalda. Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar segir í Fréttablaðinu að mörg þeirra geti einungis fjármagnað rekstur sinn til skamms tíma í senn og fyrirgreiðsla í bönkum sé afar erfið.


Finnbogi Jónsson framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins segir að í sprotafyrirtækjum liggi möguleikar á nýjum störfum og tekjum af útflutningi. Þess vegna bindi hann vonir við að stjórnvöld styðji þau. Sjóðurinn hefur að undanfögnu lánað rekstrarfé til sprotafyrirtækja auk þess að leggja til hlutafé. Án aukinna fjárframlaga hafi Nýsköpunarsjóður hins vegar ekki bolmagn til að lána fyrirtækjunum áfram. Veruleg hætta sé á að missa unga frumkvöðla úr landi við þessar aðstæður.

Finnbogi segir að iðnaðarráðuneytið sé nú að skoða mögulegar leiðir til að koma til móts við þau rúmlega hundrað sprotafyrirtæki sem hér eru skráð.

Sterkasti kaðall heims Dynex er togtaug framtíðarinnar og hlaut verðskuldaða athygli. Til samanburðar er gamli togvírinn 20 sinnum þyngrí í sjó. Honum fylgir meiri slysaþætta og hann þarf meira viðhald



Skaginn vakti athygli með nýju alsjálfrvirku vinnslukerfi fyrir uppsjávarfisk. Nýtt flakavinnslukerfi fyrirtækisins fór heldur ekki framhjá sýningargestum



Fjöldi nýjunga á Sjávarútvegssýningunni

Frestur til náms í vistvænni orkunýtingu framlengdur

Í ljósi aðstæðna í íslensku samfélagi hefur umsóknarfrestur til meistaranáms við RES – Orkuskólann (the School for Renewable Energy Science) verið framlengdur til 1. desember næstkomandi.

Um er að ræða eins árs alþjóðlegt meistaranám í vistvænum orkugjöfum og er ætlað nemendum sem lokið hafa B.Sc. námi í verkfræði eða raungreinum. Námsárið hefst í febrúar 2009 og verður boðið upp á sérhæfingu á fimm námsbrautum: Jarðhitaorku, Efna-rafölum og vetnisorku, Lífmassaorku og vistvænu eldsneyti, Vatnsaflsorku og Orkukerfi og orkustjórnun.

Rúmlega 30 nemendur frá tíu þjóðlöndum stunda meistaranám við skólann á þremur námsbrautum. Mikil áhersla er lögð á að námið sé alþjóðlegt og fer öll kennsla fram á ensku, auk þess sem stór hluti kennara við skólann kemur frá erlendum rannsóknarháskólum. Meistaraneinar skólans vinna rannsóknarverkefni sín í tengslum við íslensk orkufyrirtæki eða erlenda samstarfsháskóla og rannsóknarstofnanir.

RES – Orkuskólinn starfar í nánú samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, sem útskrifa nemendur skólans með meistaraþróf í endurnýjanlegum orkufræðum

Íslenska sjávarútvegssýningin 2008 var haldin 2.-4. október í Smáranum í Kópavogi. Félagsmenn SI voru áberandi á sýningunni og kynntu margar nýjungar á sviði sjávarútvegstækni fyrir veiðar, vinnslu, þökkun og fleira. Á sjötta hundrad aðilar frá rúmlega 30 löndum tóku þátt í sýningunni. Það er meiri þátttaka erlendra aðila en nokkru sinni fyrr. Þá heimsóttu sendinefndir frá Kanada, Spáni og Ekvador ráðstefnuna auk fulltrúa frá Srí Lanka, Kanada og Alsír.

Handhafi umhverfisverðlauna Norðurlandaráðs 2008, Marorka, kynnti á sýningunni nýtt flotastýringarkerfi sem gefur kost á að bera saman árangur í orkustjórnun skipa. Marel boðaði nýja bylt-

ingu í upplýsingakerfum fyrir matvælavinnslu sem tengd eru öllum vélbúnaði eins fyrirtækis. Promens Dalvík, sem áður hét Sæplast, sýndi byltingu í plasterum sem takmarka aðgengi lofts að innihaldinu, nýta plássið betur og eru auðveldari í meðhöndlun.

„Fiskvinnslukona framtíðarinnar“ mætti einnig til leiks í Smáranum. Þar er á ferðinni nýr matvinnslubjarkur Sameyjar sem miklar vonir eru bundnar við. Þá kynnti fyrirtækið TrackWell Afladagbók og Útgerðarstjóra sem eru meðal ómissandi upplýsingakerfa fyrir skipstjóra og útgerðir. Fyrirtækið flytur einnig flota-stýringarkerfi fyrir flutningabíla til Bandaríkjanna.

Vaxtahækkun í óhag hratt kólnandi hagkerfis

Helmings hækkun stýrivaxta mun hafa mjög neikvæð áhrif á rekstur atvinnulífsins sem nú þegar á undir högg að sækja. Þetta er mat Bjarna Más Gylfasonar hagfræðings Samtaka iðnaðarins. Fréttir af 6% hækkun Seðlabankans hafi verið óvæntar og ekki í hag vaxandi atvinnuleysis og hratt kólnandi hagkerfis.

Bjarni segir að ef horft sé framhjá verðbólgunni, sem eingöngu sé tilkomin vegna veikingar á gengi krónunnar, sé mikil undirliggjandi þörf fyrir vaxtahækkun til að koma hjólum atvinnulífsins í gang á ný. Eini mögulegi tilgangur hækkunarinnar sé krafa Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og undirbúningur þess að koma krónunni aftur á flot.

Lífir atvinnulífið vaxtahækkunina af?

„Við eigum auðvitað mikið undir því að gengi krónunnar styrkist og við náum að hemja verðbólguna,“ segir Bjarni og bætir við að spurningin sé hvort atvinnulífið lifir af í slíku vaxtaumhverfi. Úthald þess sé ákaflega lítið.

„Ég vona bara að Seðlabankinn og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn sjái fyrir afleiðingar þessarar vaxtaákvörðunar og hún sé upphafið að snöggri aðlögun að eðlilegu gengi krónunnar og hjöðnun verðbólgu.“

Hamingju- óskum rignir yfir Marorku



„Þessi verðlaun skipta okkur óskaplega miklu máli og styrkja okkur í sölu og markaðsmálum,” segir Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, sem tók við náttúru- og umhverfisverðlaunum Norðurlandaráðs í Helsinki í Finnlandi. Verðlaunin hlaut Marorka fyrir þróun tölvukerfa sem lágmarka olíu-notkun skipa og draga úr mengun og eldsneytiskostnaði.

Jón Ágúst segir afhendinguna hafa verið sérstaklega hátíðlega. Hamingju-óskum hafi rignt yfir hann og fyrirtækið, og ráðherrar Norðurlandanna á staðnum hafi lýst yfir ánægju með verkefnið.

Sérstaklega hafi viðbrögð frá útgerðum á Norðurlöndum sem nú þegar noti

kerfið verið góð. Þær telji það mikla viðurkenningu fyrir sig að hafa valið rétta leið. Verðlaunin muni ekki síður skipta máli í framtíðinni fyrir Marorku.

Auk Marorku voru 36 önnur fyrirtæki og einstaklingar tilnefnd. Þar má helst nefna dekkjaframleiðandann Nokian Tires, hárgreiðslustofukeðjuna Zenz í Danmörku og AGA gas í Svíþjóð. Þá var höfundur Multishower sturtuhausins, Finn Larsen, í hópi Norðmanna sem tilnefndir voru og umhverfisvæna gistihúsið Bomans Gästhem í Álandi.

Þetta er í 14. sinn sem verðlaunin eru afhent. Verðlaunafé er 350 þúsund danskar krónur.

Atvinnuleysistrygginga- sjóður líklega í samstarf við SI og sprotafyrirtæki

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði á Alþingi að til greina kæmi að atvinnuleysistryggingasjóður tæki upp samstarf við SI og Samtök sprotafyrirtækja. Samkvæmt tillögnum gæti skapast um hundrað ný störf í sprotafyrirtækjum fyrir fólk sem misst hefur vinnuna. Ráðherra vitnaði þannig í ályktun sem samþykkt var á fjölmennum fundi Samtaka iðnaðarins, Samtaka íslenskra líftæknifyrirtækja-, sprotafyrirtækja-, upplýsingafyrirtækja og aðildarfyrirtækja þeirra. Á fundinum var lögð áhersla á að treysta stoðir nýsköpunar í fyrirtækjunum og nýta þann mannauð sem losnar í efnahagsþrengingunum. Blásið verður til fjöldafundar á Nordica Hótel 14. nóvember kl. 16.00

Besta afkoma Össurar til þessa

Stoðtækjafyrirtækið Össur hagnaðist um 13,7 milljónir dollara á þriðja fjórðungi þessa árs og er það arðbærasti ársfjórðungur fyrirtækisins til þessa. Hagnaðurinn samsvarar tæpum 1,7 milljarði króna og sexfaldaðist milli ára. Á heimasíðu Össurar kemur fram að rekstrarhagnaður hafi aukist um rúman helming frá fyrra tímabili og var 63,1 milljónir Bandaríkjadala í ár. Þennan mikla hagnað má að mestu rekja til sölu á sáraumbúðalínu fyrirtækisins.

Jón Sigurðsson forstjóri Össurar segist ánægður með niðurstöðurnar; „Okkur hefur tekist að auka arðsemi rekstursins ágætlega þrátt fyrir að söluvöxtur hafi verið hægari en áætlað var.“ Rík áhersla hafi verið lögð á innleiðingarferli og sameiningu til að styrkja fyrirtækið. Tekjur félagsins séu dreifðar og gott jafnvægi milli Bandaríkjanna og Evrópu. Hann gerir ekki ráð fyrir að fjármálakreppan muni hafa veruleg áhrif á rekstur fyrirtækisins þar sem það sé innan heilbrigðisgeirans.



Atari dreifir EVE Online



Tölvuleikurinn EVE Online mun fást í verslunum um allan heim eftir samning sem CCP hefur gert við tölvuleikjarisann Atari. Frá 12. mars næstkomandi mun EVE því verða fáanlegur í yfir 55 þúsund verslunum um víða veröld. Leikurinn verður einnig bættur með ofurtölvutækni og vefþjónar uppfærðir.

Fyrirtækið hefur frá árinu 2003 einungis dreift leiknum á netinu og hefur sú dreifing tekist vel. Samningurinn nú felur í sér að CCP sér um alla markaðsvinnu en Atari sér einungis um dreifingu í verslanir. „Ástæðan fyrir því að við

gengum til samstarfs við Atari er sú að samkeppnin sýndi okkur fram á að kassar í búðum hefðu meiri tilgang en við höfðum reiknað með,” segir Hilmar Veigar Pétursson framkvæmdastjóri CCP. Fyrirtækið hafi náð góðum samningi við Atari.

Hilmar var fyrr á árinu valinn fjórði áhrifamesti maður heims innan fjölspilunarleikjamarkaðarins af lesendum tímaritsins Beckett Massive Online Gamer. „Þetta er mikill heiður fyrir fyrirtækið og við gleðjumst yfir því að 11 ára vinna sé metin að verðleikum,” segir hann.

Nú vinna um 300 manns að þróun EVE online á Íslandi, Bandaríkjunum og Kína og gert er ráð fyrir að stórar viðbætur bætist við á næstu mánuðum.

Um síðustu helgi stóð fyrirtækið fyrir Fanfest hátíð EVE Online í Laugardalshöll. Alls sóttu 1.100 manns hátíðina, flestir útlendingar. „Í allt voru þetta 700 manns auk fréttamanna, starfsmanna og samstarfsaðila,” segir Hilmar að lokum en þetta var í fimmta skipti sem hátíðin er haldin.

Samráðshópur stofnaður um menntun

Þær breytingar sem eru að verða á íslensku samfélagi verða vaktaðar og áætlanir gerðar um viðbrögð af nýjum samráðshópi um menntun. Aðilar vinnu-markaðarins, menntastofnanir atvinnulífsins og fulltrúar mennta- og félagsmálaráðuneytisins hafa undir forustu Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) stofnað til samráðsvettvangs á sviði menntunar og þjálfunar.

Hlutverk samráðshópsins er að bregðast við nýjum aðstæðum í atvinnumálum þjóðarinnar. Hópurinn vill samhfæfa aðgerðir menntafélaga atvinnulífsins og stjórnvalda og gefa fólki kost á ummenntun og umþjálfun sem þjónar nýrri uppbyggingu atvinnulífsins.

Samráðshópurinn hefur þrífætt hlutverk:

- að vakta breytingar sem eru að verða og það sem gert er til að bregðast við þeim
- að huga að hvar og hvernig eigi að bjóða og beita þeim úrræðum sem þegar eru til, meðal annars ráðgjöf, raunfærnimati og námi
- að bæta við úrræðum fyrir einstaka hópa og huga að breytti forgangsröðun í þeim málefnum sem til góða gætu komið fyrir hópinn

Hópurinn þiggur hollráð og hugmyndir sem mega verða til þess að nýta menntafélög atvinnulífsins til að treysta atvinnu til framtíðar. Ingibjörg E. Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri FA, leiðir störf samráðshópsins. Hægt er að senda henni tölvupóst ingibjorg@frae.is.

Tilboðsmarkaður með gjaldeyri

Vegna sérstakra aðstæðna á bankamarkaði kom Seðlabankinn upp sonefndum tilboðsmarkaði fyrir gjaldeyri um miðjan októbermánuð. Niðurstöður um viðskipti og verð eru birtar daglega á heimasíðu bankans. Útflytjendur og aðrir sem eiga gjaldeyri eru eindregið hvattir til að bjóða hann til sölu á þessum vettvangi til að styrkja verðmyndun á tilboðsmarkaðnum.

Hægt sé að fela fjármálafyrirtækjum sem eiga viðskipti við Seðlabankann að koma tilboðum á framfæri.

Á heimasíðunni er enn fremur varað við svartamarkaðsbraski.

Páll Garðarsson hlaut Skúlaverðlaunin 2008

Skúlaverðlaunin voru afhent í fyrsta sinn á sýningu *Handverks og hönnunar* í Ráðhúsi Reykjavíkur 31. október síðastliðinn. Verðlaunin sem styrkt eru af Samtökum iðnaðarins hlaut Páll Garðarsson fyrir nýstárlegan jólatréstopp. Auk hans hlutu Margrét Guðnadóttir og Dýrfinna Torfadóttir sérstakar viðurkenningar.

Á sýningunni sem haldin var í Ráðhúsi Reykjavíkur mátti sjá fjölbreytt úrval af handverki, listiðnaði og hönnun. Þar á meðal voru munir úr leðri og roði, skartgripir, glermunir, nytjahlutir úr leir, fjölbreyttar textílvörur, hlutir úr hornum og beinum og ýmsir trémunir.

Þetta er í þriðja skipti sem slík sýning er haldin. Í tilefni hennar var efnt til verðlaunasamkeppni um bestu nýjungina frá þátttakendum. Rúmlega 40 tillögur bárust frá 18 aðilum. Valnefnd skipuðu Rut Káradóttir, innanhússarkitekt og Stefán Pétur Sólveigarson vöruhönnuður.

Verðlaunin eru kennd við Skúla Magnússon fógeta og frumkvöðul smá-iðnaðar í Reykjavík.



Rák Pálsdóttir, SI afhendir Páli Garðarssyni Skúlaverðlaunin, Sunneva Hafsteinsdóttir framkvæmdastjóri Handverks og hönnunar horfir brosandi á



Dýrfinna Torfadóttir og Margrét Guðnadóttir hlutu sérstakar viðurkenningar

Bankarnir komi að björgunarstörfum

Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI sagði á morgunvakt RÚV að afar mikilvægt væri að bankarnir væru djarfir í að hjálpa fyrirtækjum að halda starfsemi sinni áfram. Hlutverk bankanna væri þó ekki auðvelt, þeir væru nýstofnaðir og spurning hversu vel fjárhagslega þeir væru búnir undir þau erfiðu verkefni sem nú blasi við.

Þorbjörn Guðmundsson framkvæmdastjóri Samiðnar tók undir það og sagði algjört grundvallaratriði að halda stóru verkefnum eins og tónlistarhúsinu og uppbyggingu Háskólans í Reykjavík í Vatnsmýri áfram. Björgunarstarfið þurfi að snúa að því að tryggja að þessi verkefni haldi áfram.

Þorbjörn sagði að margir í iðnaði væru hreinlega í sjokki eftir fjöldaupsagnir síðustu vikna. Þó svo að uppsagnir taki í sumum tilfellum ekki gildi fyrr en eftir 2-3 mánuði. Á næstu mánuðum verði ekki unnin yfirvinna, en koma þurfi fleiri aðilum að verkum og nýta störf hendlis. Þorbjörn gagnrýndi að enn væri

verið að flytja erlent starfsfólk hingað til lands. Hann ítrekaði að hann væri ekki að beina spjótum sínum að því erlenda starfsfólki sem nú þegar væri hér, en halda þyrfti störfunum á landinu. Allar þjóðir myndu bregðast þannig við.

Jón Steindór sagðist hafa áhyggjur af því að menn fylltust skelfingu við þennan mikla samdrátt og skort á lánsfé. Þá væri vörnin að byrja að segja upp fólki, því menn vildu ekki standa frammi fyrir því að geta ekki greitt laun. Hins vegar þurfi að spyrna við fæti svo við missum ekki tókin á ástandinu.

„Það er nauðsynlegt þessa fyrstu mánuði að bankarnir fái skýr fyrirmæli um það að fjármagna fyrirtækin, en ekki byrja strax að slá menn af,“ sagði Jón Steindór og bætti við að hann vonaðist til að fleiri fyrirtæki ættu framtíð fyrir sér en mönnum sýndist í dag. Samtök iðnaðarins hefðu lagt mikla áherslu á að menn flýti sé hægt í því að dæma menn til dauða.

Samhljómur hjá Reykjavíkurborg og verktökum



Mikill áhugi er fyrir samvinnu milli Reykjavíkurborgar og verktaka um tillögur að framkvæmdum á vegum borgarinnar í samræmi við nýjar áherslur í atvinnumálum. Framkvæmdaáætlun fyrir árið 2009 hljóðar upp á 6-8 milljarða. Á fundi með Samtökum iðnaðarins sagði Óskar Bergsson að verið væri að tryggja fjármögnun og vinna að forgangsörðun verka. Stefnt væri að því að leggja áætlunina fyrir borgarstjórn um miðjan desember.

Eins og fram hefur komið miðar áætlunin að því að fara í mannaflsfrekar framkvæmdir sem kalli ekki á aukinn

rekstrarkostnað. Óskar nefndi sem dæmi um það byggingu grunnskóla sem væri í fullum rekstri í bráðabirgðahúsnæði. Aukning viðhaldsverkefna væri einnig í skoðun. Á fundinum komu fram miklar áhyggjur af því að verk kæmu í hlut erlendra aðila og störf væru þannig flutt úr landi. Þannig hefði bygging Sæmundarskóla og Norðlingaskóla komið í hlut litháíks fyrirtækis. Óskar sagði þetta málefni brenna á mönnum. Tillaga að breytingum á innkaupareglum yrði lögð fyrir borgarstjórn í dag. Breytingarnar væru vegna efnahagsástandsins og ætlað meðal annars að halda vinnu í

landinu. Þannig væri áhersla lögð á að bjóða verk út í smærri áföngum.

Jón Steindór Valdimarsson framkvæmdastjóri SI, benti á að ýmsar leiðir væru færar til að gera hlut innlendrar verktaka og framleiðslu sterkari í útboðum án þess að brjóta reglur. Vanda þyrfti útboðslýsingar og hafa íslenskar aðstæður í huga við gerð þeirra.

Óskar sagði að verið væri að vinna að nánari útfærslu framkvæmdaáætlunarinnar, en meiri- og minnihluti í Borgarstjórn vinna saman að henni. Ekki væri hægt að gefa nánari upplýsingar um verk þar sem þessi vinna væri í gangi. Vonbrigði með það væru þó skiljanleg. Hins vegar væri íhugað að fara í undirbúning á verkum sem krefðust vinnu arkitekta. Þannig væri tíminn nýttur núna þegar takmarkað fé færi til framkvæmdanna sjálfra. „En þá verðum við tilbúin til stórra verka á þarnæsta ári,” sagði hann. Áætlun borgarinnar um að fara í framkvæmdir upp á 6-8 milljarða eru í sjálfu sér stófréttir að mati Óskars. „Mörg sveitarfélög ætla ekki í neinar framkvæmdir.” Jón Steindór fagnaði mjög framtaki borgaryfirvalda og sagði að Samtökin myndu ekki láta sitt eftir liggja í samstarfi um lausnir - þar mætti engan tíma missa.



Veljum íslenskt

Samtök iðnaðarins hafa hrundið af stað nýrri auglýsingaherferð undir slagorðinu Veljum íslenskt - okkar hagur. Sjaldan hefur verið brýnna en einmitt nú að benda á mikilvægi þess að styðja íslenska framleiðslu. Einn liður herferðarinnar er nýtt merki sem SI býður félagsmönnum sínum til afnota á auglýsingar, límmiða, vörumerkingar eða annað. Merkið sem er í tveimur útfærslum er eingöngu ætlað félagsmönnum í SI.



Vinsamlegast hafið samband við Rakel Pálsdóttur, forstöðumann almannatengsla Samtakanna, til að fá merkin send á tölvutæku formi raket@si.is.

